

**Félags- og skólapjónusta**  
**RANGÁRVALLA- OG VESTUR- SKAFTAFELLSSÝSLU**  
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella og Austurvegur 4, 860 Hvolsvöllur

**Persónuverndarstefna Byggðasamlags  
um félags- og skólapjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu**

Byggðasamlag um félags- og skólapjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu (hér eftir „byggðasamlagið“) hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sem byggðasamlagið vinnur með. Það leggur áherslu á mikilvægi þess að gæta að því að öll vinnsla persónuupplýsinga innan félags- og skólapjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu fari fram í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Á grundvelli laganna hefur byggðasamlagið sett eftirfarandi persónuverndarstefnu. Gildir stefnan um sérhverja vinnslu persónuupplýsinga í skilningi laganna, í allri starfsemi félags- og skólapjónustunnar. Í stefnunni má sjá hvaða persónuupplýsingar byggðasamlagið safnar um einstaklinga vegna starfsemi sinnar og í hvaða tilgangi. Þá má hér finna upplýsingar um aðra viðtakendur upplýsinganna og hvað þær eru geymdar lengi. Auk þess má hér finna upplýsingar um á hvaða grundvelli byggðasamlagið safnar persónuupplýsingum, hvaða réttinda einstaklingar njóta og fleiri mikilvægar upplýsingar sem tengast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

**Tengiliðaupplýsingar**

Tengiliður félagsþjónustu:

Nafn: Svava Davíðsdóttir, starfandi félagsmálastjóri  
Heimilisfang: Suðurlandsvegur 1-3  
Sími: 487-8125  
Tölvupóstur: svava@felagsmal.is  
Heimasíða: felagsmal.is

Tengiliður skólapjónustu:

Nafn: Þórunn Jóna Hauksdóttir, forstöðumaður  
Heimilisfang: Austurvegur 4  
Sími: 487-8107  
Tölvupóstur: thorunnjona@skolamal.is  
Heimasíða: skolamal.is

Persónuverndarfulltrúi Byggðasamlags um félags- og skólapjónustu:

Nafn: Dattaca Labs ehf.  
Heimilisfang: Grandagarður 16, 101 Reykjavík.  
Heimasíða: <https://dattacalabs.com>  
Tölvupóstur: dpo@dattacalabs.com

S.D.  
J.M.

Skal öllum erindum beint til þeirra er varða vinnslu persónuupplýsinga af hálfu félags- og skólaþjónustu byggðasamlagsins, hvort sem um er að ræða fyrirspurnir, ósk um aðgang að persónuupplýsingum eða breytingar og eyðingu á gögnum.

### **Persónuupplýsingar**

Persónuupplýsingar í skilningi stefnunnar eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings. Upplýsingar sem eru ópersónugreinanlegar teljast ekki persónuupplýsingar. Undir hugtakið vinnsla fellur öll notkun og meðferð persónuupplýsinga, s.s. söfnun, skráning, varðveisla og eyðing.

### **Um hverja safnar byggðasamlagið persónuupplýsingum og hvaða persónuupplýsingum er safnað?**

Byggðasamlagið viðheldur skrám í starfsemi sinni og vinnur á eftirfarandi sviðum: Félagsþjónusta og skólaþjónusta. Félagsþjónusta og skólaþjónusta safna og varðveita ýmsar persónuupplýsingar vegna vinnslu innan sinna málaflokka og varða þjónustu sem þær veita. Undir tilteknum kringumstæðum safna félags- og skólaþjónustan viðkvæmum persónuupplýsingum, s.s. um heilsufar, trúarbrögð, aðild að stéttarfélagi og þjóðernislegan uppruna. Sérstök aðgát er höfð við vinnslu slíkra upplýsinga.

### **Félagsþjónusta**

Til þess að félagsþjónustan geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu og veitt viðeigandi þjónustu þarf hún að safna og vinna með persónuupplýsingar um börn, aldraða, fatlað fólk og aðra einstaklinga sem eiga rétt á þjónustu. Þær upplýsingar sem félagsþjónustan vinnur einkum með eru eftirfarandi:

#### *Börn*

- Grunnupplýsingar (nafn, kennitala, heimilisfang)
- Heilsufarsupplýsingar
- Félagsleg staða
- Námsleg staða
- Líðan, hagur, aðstæður
- Gögn og málsatvik barnaverndarmála
- Grunnupplýsingar foreldra/fósturforeldra (nafn, kennitala, heimilisfang, netfang, símanúmer)
- Félags- og fjárhagsleg staða foreldra

#### *Aldraðir*

- Grunnupplýsingar (nafn, kennitala, heimilisfang, netfang, símanúmer)
- Hvaða þjónustu óskað er eftir og hvaða þjónusta er veitt
- Heilsufarsupplýsingar
- Heimilisaðstæður
- Upplýsingar um fjárhag

- Félagsleg staða

#### *Fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir*

- Grunnupplýsingar (nafn, kennitala, heimilisfang, netfang, símanúmer)
- Hvaða þjónustu óskað er eftir og hvaða þjónusta er veitt
- Heilsufarsupplýsingar
- Greiningar
- Upplýsingar um fjárhag
- Félagsleg staða
- Upplýsingar um aðstandendur

#### *Aðrir*

- Grunnupplýsingar (nafn, kennitala, heimilisfang, netfang, símanúmer)
- Hvaða þjónustu óskað er eftir og hvaða þjónusta er veitt
- Heilsufarsupplýsingar
- Greiningar
- Félags- og fjárhagsleg staða
- Hjúskaparstaða
- Fjölskylduhagir
- Bankaupplýsingar
- Ríkisfang
- Dvalarleyfi
- Vottorð

#### **Skólapjónusta**

Til þess að skólapjónustan geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu og veitt viðeigandi þjónustu þarf hún að safna og vinna með persónuupplýsingar um mismunandi hópa einstaklinga. Þær persónuupplýsingar sem skólapjónustan hefur undir höndum geta verið um leikskólanemendur, grunnskólanemendur, foreldra, forráðamenn, starfsfólk leik- og grunnskóla, og aðra þriðju aðila, svo sem viðsemjendur, sem nauðsynlegt er að eiga samskipti við. Þær upplýsingar sem skólapjónustan vinnur einkum með eru eftirfarandi:

#### *Leikskóla- og grunnskólanemendur*

- Grunnupplýsingar (nafn, kennitala, heimilisfang)
- Heilsufarsupplýsingar
- Greiningar
- Námsleg staða og námsframvinda
- Félagsfærni og félagsleg staða
- Hegðun og líðan
- Þroskastaða
- Fjölskylduhagir

## *Foreldrar/forráðamenn/fósturforeldrar*

- Grunnupplýsingar (nafn, heimilisfang, netfang, símanúmer)
- Tengsl við viðkomandi barn
- Fjölskylduhagir
- Félagsleg staða

## *Starfsfólk leikskóla og grunnskóla*

- Grunnupplýsingar (nafn, kennitala, heimilisfang, netfang, símanúmer)
- Starfsheiti og vinnustaður
- Þátttaka í námskeiðum á vegum skólapjónustunnar
- Seta á teymisfundum um nemendur

Vinnsla með upplýsingarnar er hluti af lögbundinni þjónustu sem sveitarfélög veita og byggir hún á lögum og/eða upplýstu samþykki skráðra aðila. Er vinnsla gagna við veitingu þessarar þjónustu skilgreind nánar í vinnsluskrá sem byggðasamlagið vinnur að og heldur í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Í samræmi við það fer vinnslan eftir meginreglu um gagnsæi og skulu hvers kyns upplýsingar og samskipti, sem tengjast vinnslu persónuupplýsinga, vera aðgengilegar og auðskiljanlegar skráðum aðila á skýru og einföldu máli.

## **Tilgangur með söfnun persónuupplýsinga**

Undir flestum kringumstæðum safnar byggðasamlagið persónuupplýsingum í þeim tilgangi að uppfylla lagaskyldu sem á byggðasamlaginu hvílir svo sem til að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð, til að veita einstaklingum félagslega þjónustu sem rétt á henni eiga og til að veita ráðgjöf til foreldra, kennara og annars starfsfólks skóla vegna skipulags náms og kennslu einstakra nemenda og uppeldisráðgjöf.

## **Lagalegur grundvöllur fyrir vinnslu persónuupplýsinga**

Byggðasamlagið safnar og vinnur persónuupplýsingar á eftirfarandi lagagrundvelli:

- Til að uppfylla lagaskyldu sem hvílir á byggðasamlaginu.
  - **Félagsþjónusta:**
  - Aðallega skylda samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum nr. 125/1999 um málefni aldraða, barnaverndarlögum nr. 80/2002 og lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
  - **Skólapjónusta:**
  - Aðallega skylda samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, lögum um grunnskóla nr. 91/2008, barnaverndarlögum nr. 80/2002 og reglugerðum sem settar eru með stoð í lögum, svo sem reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010.
- Til að beita opinberu valdi.
- Til að gæta að lögmætum hagsmunum sínum, til dæmis ef upp kann að koma ágreiningur við viðsemjendur.

- Samþykki einstaklinga.

### **Hve lengi geymir byggðasamlagið persónuupplýsingar?**

Byggðasamlagið safnar og varðveitir eingöngu þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar og viðeigandi með hliðsjón af tilgangi vinnslunnar hverju sinni. Byggðasamlagið er afhendingarskyldur aðili samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Vegna þess er byggðasamlaginu óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir gildissvið þeirra laga nema með heimild þjóðskjalavarðar. Almennt eru þær persónuupplýsingar sem byggðasamlagið vinnur afhentar Héraðsskjalasafni Rangæinga og V-Skaftfellinga að þrjátíu árum liðnum.

### **Frá hverjum safnar byggðasamlagið persónuupplýsingum?**

Byggðasamlagið safnar yfirleitt persónuupplýsingum beint frá þeim aðila sem upplýsingarnar varða. Undir vissum kringumstæðum safnar það upplýsingum frá þriðja aðila, til dæmis þjónustuveitendum, fagaðilum, skólum og aðstandendum. Þegar upplýsinga er aflað frá þriðja aðila reynir byggðasamlagið eftir fremsta megni að upplýsa viðkomandi einstakling um það.

### **Hvenær miðlar byggðasamlagið persónuupplýsingum til þriðja aðila og af hverju?**

Byggðasamlagið miðlar persónuupplýsingum til þriðja aðila sem er ráðinn af byggðasamlaginu til að vinna fyrir fram ákveðna vinnu, svo sem þjónustuveitendur og verktakar. Í þeim tilfellum gerir byggðasamlagið vinnslusamning við viðkomandi aðila. Slíkur samningur kveður meðal annars á um skyldu hans til að fylgja fyrirmælum byggðasamlagsins um meðferð persónuupplýsinga og er honum óheimilt að nota þær í öðrum tilgangi. Jafnframt ber honum skylda til að tryggja öryggi upplýsinganna með viðeigandi hætti.

Í öðrum tilvikum getur einnig verið nauðsynlegt fyrir byggðasamlagið að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila í öðrum tilvikum, til dæmis þegar skylda stendur til þess samkvæmt lögum.

### **Flutningur persónuupplýsinga út fyrir Evrópska efnahagssvæðið**

Byggðasamlaginu er kunnugt um að ströng skilyrði gilda um flutning persónuupplýsinga til ríkja sem staðsett eru utan Evrópska efnahagssvæðisins. Byggðasamlagið gerir það ekki undir neinum kringumstæðum nema fullnægjandi heimild standi til þess samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

### **Öryggismál**

Hlutverk stefnunnar er að lýsa skuldbindingu byggðasamlagsins um að vernda gögn sem félags- og skólapjónustan varðveitir og vinnur með gegn ógnunum, innan frá og utan, vísvitandi og óviljandi. Byggðasamlagið leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar, með sértöku tilliti til eðlis þeirra. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysni og gegn óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun þeirra. Upplýsingatækni er m.a. hagnýtt til að varðveita gögn og miðla þeim á öruggan og

hagkvæman hátt. Með þeim hætti er leitast við að viðhalda góðu utanumhaldi um skráningar og vinnslu persónupplýsinga.

Félags- og skólaþjónustan búa yfir persónuupplýsingum er tengjast starfsemi þeirra og kunna að innihalda viðkvæmar persónugreinanlegar upplýsingar sem ber að vernda sérstaklega. Hagsmunir skráðra aðila, sem tengjast málum er upplýsingarnar varða, gætu skaðast ef þær komast í hendur annarra en lögmætra viðtakenda, eru rangar og/eða eru ekki aðgengilegar þegar þeirra er þörf. Þess vegna skilgreinir byggðarsamlagið þessa öryggisstefnu er varðar trúnað, réttleika og tiltækileika gagna.

Trúnaður: Byggðasamlagið tryggir að eingöngu aðilar, sem til þess hafa heimild, hafi aðgang að upplýsingum hjá félags- og skólaþjónustunni.

Réttleiki gagna: Byggðasamlagið tryggir að upplýsingar skráðar hjá félags- og skólaþjónustunni séu réttar og nákvæmar á hverjum tíma. Rangar, villandi, ófullkomnar og/eða úreltar upplýsingar verði leiðréttar, þeim eytt eða við þær aukið þegar slíkt uppgötvast. Haldið verður uppi reglubundnu eftirliti í þeim tilgangi.

Tiltækileiki gagna: Byggðasamlagið tryggir að upplýsingar sem skráðar eru á þess vegum séu aðgengilegar þeim sem hafa heimild til og þurfa að nota þær þegar þeirra er þörf. Samlagið tryggir einnig að kerfi og gögn sem kunna að eyðileggjast verði hægt að endurreisa með hjálp viðbragðsáætlunar og afrita sem geymd eru á öruggum stað.

Öryggisstefnan tekur mið af gildandi lögum og reglugerðum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Hún er í fullu samræmi við reglur Persónuverndar um öryggi persónuupplýsinga nr. 299/2001 og uppfyllir kröfur staðalsins ÍST EN ISO/IEC 27001.

### **Skyldur starfsmanna Byggðasamlangs um félags- og skólaþjónustu**

Byggðasamlagið stuðlar að virkri öryggisvitund starfsmanna félags- og skólaþjónustu með viðeigandi fræðslu og þjálfun um öryggi við vinnslu persónuupplýsinga.

Starfsemi og starfshættir félags- og skólaþjónustu skulu vera til fyrirmynadar hvað varðar upplýsingaöryggi. Starfsmenn sem hafa aðgang að upplýsingaverðmætum og þeir vinnsluaðilar sem koma að rekstri upplýsingakerfa, á vegum sveitarfélaga, skulu hafa aðgang að og þekkja til þessarar öryggisstefnu. Viðurlög komi fram í ráðningarsamningum, starfslýsingum, kjarasamningum eða lögum og felist eftir atvikum í skriflegri áminningu eða brottrekstri.

### **Réttindi einstaklinga**

Hafi einstaklingar veitt samþykki fyrir vinnslu tiltekinna persónuupplýsinga eiga þeir rétt samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 að afturkalla samþykki sitt hvenær sem er. Sá réttur hefur þó ekki áhrif á lögmæti þeirrar vinnslu sem fram fór áður en samþykki var afturkallað. Þá njóta þeir einnig annarra réttinda, svo sem réttar til að vera upplýstir um vinnslu, réttar til aðgangs að gögnum, réttar til að fá rangar eða villandi

upplýsingar leiðréttar, rétt til að hindra að unnið verði með persónuupplýsingar um þá og rétt til að flytja eigin upplýsingar. Hafa skal í huga að réttindi einstaklinga eru ekki alltaf fortakslaus og kunna að vera háð ýmsum skilyrðum.

### **Réttur til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd**

Dragi einstaklingar í efa að byggðasamlagið meðhöndli persónuupplýsingar þeirra í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 hafa þeir rétt til að senda erindi til Persónuverndar (personuvernd.is).

### **Endurskoðun á þessari persónuverndarstefnu**

Persónuverndarstefna þessi skal endurskoðuð eftir því sem tilefni eru til eða lög kveða á um.

16.12.2019,

Svena Þorvaldssona  
félagsmálastjóri

Bíósumfjóraft.  
forstöðumaður skólabjónustu